



**AKUREYRARBÆR**

Skipulagssvið

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 22.02.2019  
2018030073 09-220

## **Efni: Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 – Hólasandslína**

Eftirfarandi er umsögn um atriði sem fram koma í eftirfarandi umsögnum um breytingu á aðalskipulagi vegna færslu Hólasandslínu 3.

### **Isavia dagsett 15. október 2018**

Bent er á að skýrara gæti verið að gera grein fyrir hvaða RESA svæði er.

*Umsögn: Verður lagfært í greinargerð aðalskipulagsbreytingar*

### **Fiskistofa dagsett 31. október 2018**

Engar athugasemdir gerðar en bent á að framkvæmdir eru háðar leyfir Fiskistofu.

*Umsögn: Engin viðbrögð önnur en að leyfi Fiskistofu þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.*

### **Náttúrufræðistofnun dagsett 13. nóvember 2018**

Engar athugasemdir gerðar við breytinguna en bent á að stofnunin telji að framkvæmdir við strengin eigi að fara fram utan varptíma og að raski verði haldið í algjöru lágmarki

*Umsögn: Engin viðbrögð önnur en að umsögnin verði höfð til hliðsjónar við afgreiðslu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdum við Hólasandslínu.*

### **Óshólmanefnd dagsett 15. nóvember 2018**

Engar athugasemdir gerðar við breytinguna en nefndin leggur áherslu á að aðeins verði einn vegslóði sunnan við flugvöllunum að loknum framkvæmdum. Þá er minnt á stefnu um verndun vistkerfa og vakin athygli á að vegna fuglalífs sé mikilvægt að verlja réttan framkvæmdatíma.

*Umsögn: Engin viðbrögð önnur en að umsögnin verði höfð til hliðsjónar við afgreiðslu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdum við Hólasandslínu.*

### **Umhverfisstofnun dagsett 7. desember 2018**

Í umsögninni er ekki gerð athugasemd við færslu strengsins en bent á að það sem svæði sem mun liggja um sé votlendi og falli því undir 1. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og að forðast skuli röskun nema vegna brýnna almannahagsmuna. Þá er bent á að framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld.

**SKIPULAGSSVIÐ**

*Umsögn: Að mati skipulagsráðs er um brýna almannahagsmuni að ræða þar sem breyta þarf legu strengis vegna uppsetningar á nauðsynlegum leiðsögubúnaði fyrir flugvöllinn. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við Hólasandslínu 3 verða gerðar ráðstafanir til að lágmarka áhrif á það svæði sem strengurinn liggur um. Verða fyrirbyggjandi umsagnir hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu málsins.*